

Sektin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal fullnægja dómnum yfirleitt með aðför að lögum.

Nr. 10/1906:

Benedikt Stefánsson og
Eyólfur Ófeigsson
gegn
Jóni Jónassyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn stefndi sjómaður í Reykjavík Jón Jónasson gegn áfrýjendunum kaupmönnum í Reykjavík, til að fá þá dæmda til að greiða sér 224 kr. 04. a. hvor, sem tiltölulegan hluta af borgun fyrir ferð hans til Englands til að velja og sækja hingað handa áfrýjendunum og 2 öðrum mönnum enskt botnvörpugufuskip, er þeir síðan ætluðu að kaupa, er hingað væri komið. Var málið dæmt í bæjarþinginu hinn 25. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að áfrýjendurnir skyldu greiða stefnda hvor þeirra 199 kr. 05 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. febr. þ. á. og krafist þess að verða algjörlega sýknaðir í málinu, en til vara að þeir á engan hátt verði dæmdir til að greiða meira en tiltölulegan hluta af 400 kr., eða 100 kr. hvor. Svo krefjast þeir og málskostnaðar hjá stefnda eftir mati

réttarins. Stefndi hefir gagnstefnt málinu með stefnu dags. 9. marz þ. á. og hefir hann krafist þess, að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 224 kr. 04 a. hvor þeirra, eins og hann krafðist fyrir bæjarþinginu og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins; en til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir í málskostnað fyrir báðum réttum.

Hinn 14. apríl 1905 gáfu áfrýjendurnir í félagi með 2 öðrum mönnum Guðmundi Einarssyni steinsmið og Bjarnhéðni Jónssyni járnsmið út umboðsskjal handa stefnda á ensku, er heimilaði honum að fara fyrir þeirra hönd til Englands og velja þar handa þeim botnvörpugufuskip, er þeir skuldbundu sig í skjalinu til að kaupa, er það kæmi hingað, ef það væri svo á sig komið og með þeim útbúnaði, er útheimtist til váttryggingar á Englandi, og ef það að öðru leyti fullnægði algjörlega þeim skilyrðum, er stefndi [áskildi af þeirra hendi. Stefndi fór skömmu síðar til Englands og kom aftur með skip, sem umbjóðendur hans virðast í alla staði hafa verið ánægðir með og því keyptu samkvæmt því er gjört var ráð fyrir í umboðsskjalinu.

Stefndi hefir fyrir ferðina til Englands og erindisreksturinn allan heimtað af umbjóðendum sínum samtals 896 kr. 18 a., en þar af telur hann ómakslaun eða kaup fyrir förina til Englands og fyrir að ráða skipstjóra og aðra menn á skipið og sjá um útbúnað þess 400 kr., og endurgjald fyrir ferðakostnað til Englands og dvöl í Englandi og ferðir þar til að rækja erindið 496 kr. 18 a. og hafa fyrnefndir 2 af umbjóðendum hans sumpart greitt og sumpart samþykkt að greiða $\frac{1}{4}$ hlutann hvor

af þessari kröfu stefnda, 224 kr. 04 a., en áfryjendurnir hafa neitað að greiða nokkuð fyrir sitt leyti.

Málsaðilar gjörðu enga bréflaga samninga um borgun þá, er stefndi skyldi fá fyrir erindisreksturinn, en stefndi heldur því fram, að sér hafi verið lofað munnlega af umbjóðendum sínum 400 kr. í ómakslaun, þótt hann ekkert skip fengi, og endurgjald fyrir ferðakostnað að auki, en fengist skipið, skyldi hann fá miklum mun meira. Áfryjendur hafa neitað því, að stefnda hafi verið lofað meiru en 400 kr. alls fyrir útvegum skipsins. Hitt verður þó að álítast nægilega sannað með eiðfestum vitnisburðum hinna 2 fyrnefndu umbjóðenda stefnda, að hann hafi átt að fá ferðakostnað sinn endurgoldinn auk kaupsins, 400 kr.

Áfryjendur hafa viljað vefengja það, að stefndi hafi farið svö með erindi sitt, að hann ætti heimting á launum eða ferðakostnaðarendurgjaldi, þótt honum álitist hafa verið lofað því, en þessar vefengingar styðjast ekki við neitt, sem sannað er í málinu, og sérstaklega er það ósannað gegn mótmælum stefnda, að áskilið hafi verið, að hann kæmi fyr með skipið til Reykjavíkur en hann gjörði.

Áfryjendurnir hafa talið reikning stefnda yfir ferðakostnaðinn sjarstæðu eina. Þeir hafa þó eigi sérstaklega fundið að nema 3 liðum í reikningnum: »fyrir telegröm og frímerki 56 kr. 97 a.«, »keyrsla 40 kr.« og »Borgað járnbrautarfar til Svansæa fyrir kolamokara 18 kr. 90 a.« Síðasti liðurinn virðist hafa verið nauðsynleg útgjöld fyrir skipið eða útbúnað þess, sem áfryjendur þá ekki geta komist hjá að borga, en um hina tvo liðina er það rétt aðfinning hjá áfryjendum í mál-

inu, sem stefndi hefir að engu sint, að þeir eru ósundurliðaðir með öllu, og þykir eigi rétt að áfryjendur verði skyldaðir til að borga þá að sínu leyti, og verður því að draga $\frac{1}{4}$ þeirra eða 24 kr. 24 a. frá upphæð þeirri, er stefndi hefir krafist alls hjá hvorum þeirra, 224 kr. 04 a., þannig að hvor þeirra greiði stefnda sem ómakslaun eða kaup og í ferðakostnað 199 kr. 80 a. Með þessari breytingu, sem stafar af litilfjörlegri reikningsvillu í bæjarþingsdóminum, ber að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum ber áfryjendum hvorum um sig að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjendurnir Benedikt Stefánsson og Eyólfur Ófeigsson greiði stefnda Jóni Jónassyni hvor 199 kr. 80 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og í málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr. hvor.

Dóminum að fulnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðtör.

Nr. 22/1906:

Vigfús prestur Þórðarson
gegn
Stefáni Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfryjandinn prestur að Hjaltastað Vigfús Þórðarson, að fenginni gjafsókn og skipuðum